



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Stjórnarfundur 19. janúar 2014

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur haldinn í stjórn Glaðs að Sunnubraut 7, 19. janúar 2014.

Mættir: Þórður, Svala og Heiðrún Sandra.

Mótanefnd einnig boðuð. Mættir: Svanhvít, Inga Heiða, Skjöldur Orri og Einar.

Þórður sagði frá samþykkt frá LH um að staðið yrði fyrir mótaröð á landsvísu. Hestamannafélög á Vesturlandi hittust í síðustu viku ásamt fulltrúum frá LH. Svanhvít og Þórður fóru fyrir hönd Glaðs. Hvert félag myndi hafa úrtöku og síðan færu 1-2 í hverjum flokki frá hverju félagi á Vesturlandi í vesturlandsúrtöku og þar verður keppt um hverjir verða í liði Vesturlands. Ekki er keppt í barnaflokki. Miklar umræður en enn óljóst um reglur og hvernig þetta verður. Í næstu viku verður aftur fundur hjá félögunum á Vesturlandi. Þá verður ákveðið hvernig umgjörðin verður.

Svala Svavarsdóttir, fundarritari